

HUNDKÆTI

Dagbækur Ólafs Davíðssonar 1881-1884

ÞORSTEINN VILHJÁLMSOON



Mars 1882

21/3 '82.

Jeg hef verið að gjöra hreint hjá mjer í nokkra daga.³⁶ Jeg hef tekið þær af bókum mínum frá, er jeg vildi síst eiga. Jeg hef farið yfir blaðarusl mitt, brennt margt af því, en skipað hinu niður; jeg hlaut að rekast á dagbók mína (!!!) þenna stóra kopp með svo litlu í.

Jæja Ólafur frændi! nú ertu orðinn heigull og aumingi eptir því sem þú segir sjálfur. Ekki satt? Ó. Ja, það er nú gróflega leiðinlegt að heita því nafni, enda get jeg ekki tekið því með þökkum. *Samvizkan*. Þú mátt til. Þú hefur reynt sjálfan þig. Þú hefur fallið. Þú ert kjarklaus bjálfi.

Ó. (klórar sjer bak við eyrað) Já, jeg get líklega ekki borið þetta af mjer, en á jeg þá engrar uppreisnar von?

Samvizkan. Jú, en þá verðurðu að sýna rögg af þjer. Þá verðurðu að friðþægja þig við dagbókarguðinn og leggja daglega dagbók á altari hans. Þá nærðu aptur álitu mínu. Annars ekki.

Svo skal vera. Stattu þig nú Ólafur!

Nú skal jeg ekki taka af, þótt út-af kunni að bregða, en það skal ekki bregða útaf.

„Látum skipta guð giptu
gjörum hríð þá, er þeim sviði.“³⁷

21. Mars. Afarkalt um morguninn. Jeg hafði svo mikið að gjöra, að jeg gat ekki farið í kennslutíma. Jeg skrópaði fram í kortjer.³⁸ Jeg hef annars skrópað lítið, já, fjarskalítið í samanburði við aðra. Jeg hef varla skrópað viku alla mína skólatíð. Jeg tók fyrst til nokkur

³⁶ Þegar Ólafur hefur dagbókarskrif sín 1882 hefur hann tekið upp nýja réttitun; hann ritar *eptir* í stað *eftir* o.s.frv. og notar ekki stafinn *é*, heldur skrifar *je* í staðinn. Á móti ritar hann nú *-ur*-endinguna (þar sem áður hann ritaði *hefr* ritar hann nú *hefur*).

³⁷ *Saga Sværris konungs*, 105. kafli.

³⁸ Kortérið kölluðu skólapiltar langa kaffihléið sitt. Þrátt fyrir nafnið var það raunar hálf tími að lengd.

Bandamannafjeldsrit, er jeg þurfti að koma niður til upprits. Val-
tír Guðmundarson hafði nefnilega komið upp með það, að rit
fjeldsins mundu geymast betur ef þau væru bundin inn, heldur
en ef þau væru öll á lausum blöðum, en til þess að hægt væri að
binda þau inn, þurfti að rita þau af þeim upp, er voru í minna broti
en áttablaðabroti. Fjeldsmenn samþykktu að svo skyldi gjöra og
vjer, nefndin, verðum að annast um uppritinguna. Jeg sje einn
um hana, og er það þó talsverð fyrirhöfn, en jeg hef nokkuð fyrir
snúð minn, því jeg dreg undir mig öll frumritin. Höfundarnir hafa
gefið mjer sum en hin ætti jeg líklega að eyðileggja. Nei, það gjöri
jeg ekki, því fjeldsritin geta farið að forgörðum, og þá er bezt að
eiga sem mest af þeim í vitum sínum.

Þá ritaði jeg nöfn á útlendum skáldum, og ritum þeirra, er
hefur verið snúð á íslenzku inn í bráðabirgðarbók. Jeg ætla að
halda því safni áfram. Það getur orðið til styrktar fyrir þann sem
ritar bókmenntasögu heimsins á íslenzku, því hann þyrfti að geta
þess hvað væri til á íslenzku eptir þetta og þetta skáld, um leið
og hann nefndi það. Hver veit nema jeg verði til þess sjálfur. Við
Jónas langi³⁹ höfum samið það með okkur, að rita sögu artium
liberalium.⁴⁰ Hann skyldi rita siðsögu (Kulturs.) og vísindasögu,
en jeg skyldi rita skáldskaparsögu og listasögu. Ekki er þetta þó
fastsamið ennþá.

Þá fór jeg yfir skrá yfir íslenzk handrit, sem til eru á Lands-
bókasafninu og týndi (excerpere)⁴¹ úr henni handrit þau, er mjer
leikur helzt hugur á að sjá. Þá kom kortjerið, en það er tíminn frá
10¾–11¼. Þá borðum vjer piltar morgunverð.

Eptir kortjerið fór jeg uppí skóla, eins og lög gjöra ráð fyrir,
en Bogi sambýlingur minn skrópaði það sem eptir var dagsins.

³⁹ Jónas Jónasson (1856–1918) hafði útskrifast úr Lærða skólanum árið 1880; síðar
varð hann prestur og rithöfundur. Ólafur kallar hann jafnan Jónas langa.

⁴⁰ Lat., „hinna frjálsu lista“, þ.e. hinna sjö klassísku fræðigreina í vestrænni menntun
(málfræði, rökfræði, mælskulist, reikningur, flatarmálsfræði, tónlist og stjörnu-
fræði).

⁴¹ Lat. „tína út“.

Þá var svo mikill reykur í 6. bekk, að þar var ekki við vært. Það er annars opt illt lopt og fíla í bekkjunum og er mikið, að piltar þeir skuli halda heilsu, er sitja þar allan daginn. Oss þykir reyndar ekki mikið að því, þegar reykurinn er svo mikill, að ekki er viðvært, því þá fáum vjer oftast leyfi til að fara niður í bæ – sumir hafa jafnvel beitt brögðum til að mynda reyk og ódaun – en illa er oss við hann, þegar vjer þurfum að sitja í honum. Sumir kennarar gefa heldur ekki leyfi, þótt mikill reykur sje t.d. rektor. Jeg held helst, að hann sje lykhtarlaus.

Jæja, Sigurður slembir⁴² átti tíma hjá oss og gaf oss leyfi niður í bæ. Vjer gengum oss til skemmtunar og hressingar. Það gjörum vjer oftast í smá-leyfum. Aptur fengum vjer ekki leyfi úr 5. tím-
anum, því Halldór gamli Friðriksson⁴³ hafði hann með oss. Hann er furðu-seigur ennþá kallinn en þó er honum farið að fara fjarska-
lega mikið aptur. Honum hefur fleygt aptur þessi 5 ár, sem jeg hef verið í skóla.

Halldór Guðmundsson⁴⁴ gaf okkur frí í seinasta tímanum og burtfararleyfi í miðjum tíma. Hann er svo góður karlauminginn. Vjer sjöttabekkingar getum haft það hjá honum eins og vjer viljum.

Jeg borða í „Perney“ hjá Gróu Oddsdóttur.⁴⁵ Hún selur mjer miðdagsverð, og annast um málamat minn, því jeg er sjálfs míns maður kvöld og morgna. Þar borða þeir og Guðm. Scheving, Jón Finnsson og Jóhannes Lyngre Jóhannsson.⁴⁶

⁴² Sigurður Sigurðsson, kallaður slembir (1849–1884), var frónskukennari við Lærða skólann.

⁴³ Halldór Kr. Friðriksson (1819–1902) var alþm. og yfirkennari í Lærða skólanum. Hann kenndi íslensku, dönsku og þýsku.

⁴⁴ Halldór Guðmundsson, kallaður Stubbur (1826–1904), kenndi stærðfræði.

⁴⁵ Perneyjarhús svokallað stóð við Kirkjustræti 4 en var rífið um aldamótin 1900. Gróa Oddsdóttir (1823–1903) var þar húsfreyja.

⁴⁶ Allt nemendur í Lærða skólanum. Guðmundur Scheving Bjarnason (1861–1909), þá í 5. bekk, síðar læknir; Jón Finnsson (1865–1940), þá í 4. bekk, síðar prestur; Jóhannes Lárus Lyngre Jóhannsson (1859–1929), þá í 2. bekk, síðar prestur. Matmálstímarnir með þessum skólapiltum verða reglulegt frásagnarefni í dagbókinni.

Kl. 3 hef jeg grískutíma með Magnúsi Blöndal.⁴⁷ Honum datt í hug að reyna til að fara í 3. bekk, og varð jeg til að kenna honum grísku. Hann er greindur og mannvænlegur piltur. Við fórum yfir grammatíkina á __ tímum.⁴⁸

Pósturinn kom kl. 1½ en brjef fengust ekki fyrr en 4½. Póstmeistarinn er óbærilega seinn á sjer. Jeg fjekk fjarskalega alvarlegt og heimspekilegt brjef frá pabba, enda hafði jeg ritað honum um trúarástand mitt og lífsveg.⁴⁹ Jeg fjekk og brjef frá Þorv. Thór-oddssen⁵⁰ um náttúrufræðisnám. Já, þung er hún, en hún er líka skemmtileg. Ekki veit jeg hvort jeg ræðst á hana.

Kl. 6½–7 hef jeg ávallt heilnæmis-leikfimi (Sundheds-Gymnastik). Hún er ákaflega holl og nauðsynleg fyrir þá, er hafa lítinn tíma til hreifingar. Jeg finn að mjer hefur farið mikið fram síðan jeg hóf hana og er þó ekki langt síðan.

Söngfjelað gungu þetta söng þetta kvöld úti fyrir skólanum. Það syngur annars alloft og gengur vel fram. Í þetta skipti söng það meðal annara laga ljómandi fagurt lag. Þetta er í vísunni

En Hytte og en Pige
en Dronning og et Rige
der har I Drømmens Maal.

Eptir 8 fór jeg til Guðmundar Magnússonar og fjekk hjá honum útlendar frjettir. Guðmundur er einn af beztu vinum mínum, enda er hann frændi minn, en mjer þykir ekki koma meira til hans fyrir það. Jeg ann ekki frændum mínum öðrum fremur, ef þeir hafa

⁴⁷ Þ.e. sá sami og hinn fyrrnefndi Magnús frá Níp. Hægt var að ganga beint inn í efri bekk Lærða skólans ef maður stóðst inntökuþróf í nauðsynlegum fögum og hefur Ólafur það hér að starfa að undirbúa Magnús undir það þróf í grísku.

⁴⁸ Ólafur skilur hér eftir eyðu í dagbókinni.

⁴⁹ Bréf Ólafs er prentað í *Ég læt allt fjúka*, bls. 77–82. Bréf föður hans til Ólafs eru hinsvegar ekki varðveitt.

⁵⁰ Þorvaldur Thoroddsen (1855–1921), þá kennari í náttúrufræði við Möðruvallaskóla, síðar próffessor.

ekkert sjer til ágætis – en G.M. hefur margt sjer til ágætis. Hann hefur sannan áhuga á vísindunum og les ekki til þess að komast úr skóla eins og flestir piltar á vorum dögum. Hann er ekki neinn hugsunarleysis-gepill og ljettúðar-lopi. Nei, hann lítur á lífið með alvöru, ef til vill ofmikilli alvöru, því hann er ekki laus við það að vera stundum hálf-þunglyndur. Hann er ávallt elskulegur við mig, en annars þykir hann stirður í við-móti og ómjúkur á mann. Seinast um kvöldið ritaði jeg dagbók þessa.

22. Mars (Miðvikudagur). Mjer datt það í hug í tímunum að gaman væri að skrifa sögu skólans, eða skýra frá ýmsum merkilegum og skoplegum atburðum úr henni. Jeg ásetti mjer að gjöra það og ritaði upp hjá mjer efnisgrind. Heimildaritinn eru afar fá og má helst telja til þeirra rit Bandamannafjelagsins og nótubækur skólans. Það hefði verið notandi, að hafa góða dagbók sjer til stuðnings. Í skritlu minni og blöðum eru líka nokkrar sögur um skólan og sveina hans. Þá má geta um skólaskýrslur en á þeim er eiginlega ekkert að græða. Það væri nauðsynlegt, að ná í dagbók Boga. Þar er víst minnst á margt.

Frá 4–7 var jeg upp í skóla. Jeg fór yfir nótubækur í öllum bekkjum og ritaði upp úr þeim, það sem mjer þótti helst matur í. *⁵¹ Brynjólfur Kúld kom til okkar og lofaði mjer að heyra kvæði um þjóðveifu vor Íslendinga. Þar [er] fagurt kvæði, en ekki var það albúið.

Friðrik bókbindari⁵² skilaði mjer og pappírskókum, er jeg ljet hann hepta inn úr 3 bókum af pappír.

23. Mars (Fimmtidagur). Jeg skrópaði. Það kemur ekki opt fyrir, en jeg skrópaði ekki af leti. Nei, það gjöri jeg aldrei. Jeg varði fyrri

⁵¹ Hér setur Ólafur athugasemd á miða: „*Jeg hætti þó seinna við þetta, en notaði grindina við frásögn um ýmis atvik úr skóla, sem eg reit í Skritlu.“ Skritla var safn gamanmála og hnyttinna athugasemda sem Ólafur safnaði á námsárunum.

⁵² Friðrik Guðmundsson (1837–1899), bókbindari.

hluta dagsins til að fara yfir smá-sagna safn mitt og rita registur yfir það. Við það verður það aðgengilegra fyrir mig og aðra. Aðra já aðra, því mjer dettur ekki í hug, að láta það fara að forgörðum, þótt jeg hrökkvi uppaf. Jeg set það á eitthvert opinbert safn. Þá væri gaman að vera viðstaddur og sjá svipinn á náunganum, þegar hann fer að lesa skandalsögur um sjálfan sig.

Seinnihluta dagsins fjekkst jeg eitthvað við registrið, en mjer vannst lítið, því jeg hafði gesti að öðru hvoru. Póstfrí seinni hlutan.

Margir⁵³ fengu sér í staupinu þenna dag, enda brennur það opt við þegar leyfi eru í skólanum. Jón Finnsson var einn þeirra, er drakk meira, en góðu hófi gegndi. Oddur Jónsson og Bjarni Pálsson⁵⁴ helltu hann blindfullan og drusluðu honum svo heim í Perney. Þar var Jón um kvöldið. Hann var svo fullur, að jeg hef aldrei sjöð eins svínkaðan mann. *Hann gat hvorki talað nje hreift sig og gubban spýttist út úr honum, eins og skyr úr skyrbelg, sem hellt er úr.*⁵⁵ Ekki var Jón ferðafær heim til Páls Melsteðs.⁵⁶ Þar bjó hann. Hann varð að vera í Perney um nóttina.

Jón Sveinsson og Jón Þorkelsson töluðu um það við mig, að vel væri gjört að ganga í fjelag með þeim, er hjeldu dansleikinn 11. Apr., því svo margir hefðu skorist úr leik, að varla yrði samdrykkja sú er hlyti að verða dansleiknum samfara, ef ekki bættust einhverjir almennilegir menn við. Jeg fjellst á það og þar kom máli voru, að vjer skyldum allir vera með og reyna til að fá sem flesta náunga í lið með oss. Þessi samtök skyldu þó fara leynt fyrst. Jeg fór þegar til Guðm. Magnússonar og reyndi til, að telja honum hughvarf, en

⁵³ Hér fylgi ég leiðbeiningum Ólafs um uppsetningu bókarinnar. Röð málsgreina er önnur í handritinu, en Ólafur skrifaði síðar athugasemd hér með smáu lettri: „Greinin margir fengu sjer í staupinu etc. bls. 24 á hjer við. Sjá og bls. 26–.“ Þetta er gott dæmi um ritstýringu Ólafs á dagbók sinni með síðari tíma lesendur í huga.

⁵⁴ Oddur Jónsson (1859–1920), þá í 5. bekk, síðar lækknir; Bjarni Pálsson (1859–1922), þá í 4. bekk, síðar prestur.

⁵⁵ Þessi setning er sú fyrsta af mörgum sem var ritskoðuð úr fyrri útgáfu dagbókarinnar, *Ég læt allt fjúka*. Allir áður ritskoðaðir kaflar eru skáletraðir.

⁵⁶ Páll Melsteð (1812–1910), sagnfræðingur, alþm. og stundakennari í sögu við Lærða skólann. Eins og áður kom fram leigði Ólafur hjá Páli.

það kom fyrir ekki. Að lokum gekk jeg upp undir skólavörðu og lá þar fram undir klukku tíma. Veður var fagurt. Mjer datt í hug að gaman væri að rita smásögu um trúarástand ungra manna á vorum dögum. Þá datt mjer og í hug framhaldið af „það var miðsvetrar-nótt etc.“ Seinast varð mjer kalt. Jeg gekk heim og sofnaði þegar eins og rotaður selur.

23. Mars (Fimmtudagur) framhald. Eptir 8 gjörðum vjer Hraungerðisbræður oss glatt kvöld. Jeg tala seinna um þá nákvæmlegar. Vjer fórum fyrst til Eyþórs⁵⁷ og keyptum sinn hálfan bjórinn hver. Þá fórum vjer vestur í norska bakarí⁵⁸ og keyptum þar kökur fyrir 30 aura. Ólafur frá Hraungerði varð hreifur þótt hann drykki ekki mikið. Hann fór því heim til sín, en vjer Geir fórum til Gísla og sátum hjá honum stundarkorn. Þess ber að geta að Ólafur keypti kökurnar hjá bakaranum. Jeg veitti og fjekk honum 0,50 kr. En þegar hann var á útleiðinni, setti að honum svo mikinn hlátur, að hann missti afganginn 0,20 kr. niður í fönnina. Vjer vorum all-lengi að leita að þeim en fundum þá ekki. Nafni vildi borga mjer þá aptur, en jeg stakk upp á því, að vjer skyldum taka jafnan þátt í skaðanum og varð það úr. Jeg fylgdi Geir heim. Það gjöri jeg ævinlega, þegar við erum á ferð seint um kvöld, því Geir er ekki laus við myrkfælni. Ól. var enn á fótum. Hann kom út með mjer og gengum við upp bakarastíg, fram hjá húsi Jóns Pjeturssonar Júst.⁵⁹ Ólafur er nefnilega skotinn í Sigríði dóttur hans.⁶⁰ Jeg veit það með vissu, því vjer höfum samið það með oss, og gefið hvor öðrum hendur upp á það, að segja hvor öðrum frá öllum skotum vorum og ástabrellum.

Heim. Svefn.

⁵⁷ Þ.e. í verslun Eyþórs Felixsonar (1830–1900) sem var við Austurstræti 18 (nú rífið).

⁵⁸ Norska bakaríið var í Fischersundi 3.

⁵⁹ Jón Pétursson yfirdómari (1812–1896) bjó þar sem í dag er Laugavegur 1. *Justitiarius* er latneskur starfstíll yfirdómarans og kallar Ólafur hann jafnan þeim titli.

⁶⁰ Sigríður Jónsdóttir (1867–1923) átti reyndar eftir að giftast bróður Ólafs Sæmundssonar, Geir.

24. Mars (Föstudagur). Þóstfrí, en jeg skrifaði ekkert í því. Jeg hjelt áfram með registurs-uppkastið. Það er nauðaleiðinlegt starf, en fleira verður að gjöra en gott þykir. Gísli Guðmundarson og Hannes Lárus⁶¹ töfðu mig allengi fyrri hluta dagsins. Gísli las upp fyrir oss svar á móti 4 svörum á móti Brjefinu fundna, en það er rit, sem Gísli setti í Bandamannafjelagið. Hann læst hafa fundið brjef frá einum Bandamanna um fjelagið og rithöfunda þess, og þykist koma fram með það, en í raun rjettri mun hann hafa samið brjefið sjálfur. Hann fer ómjúkum orðum um suma bandamenn, enda urðu 4 til að svara því; Kristinn Daníelsson, Jón Sveinsson, Guðmundur Scheving og Guðlaugur Guðmundsson.⁶² Gísli svaraði þessum fjórmenningum í einu. Svar hans er gróflega smellið, eins og Gísla er von og vísa. Hann er reyndar ekki fluggáfaður, en hann hefur mjög farsælar gáfur. Hann er og vænsti piltur og mjer fyrir mitt leiti líkar einna bezt við hann, eða ef til vill bezt af öllum piltum (þeir eru ekki margir, sem geta komið til greinar: Guðmundur Magnússon, Kristinn og Einar Friðgeirsson).⁶³ Það er aptur af Hannesi að segja að hann lagðist upp í rúm og sofnaði þegar. Það er annars skaði hvað kunningi er latur, því hann er allra manna skynsamastur og sjaldan verður honum ráðfátt. Aptur er hann nauða-latur og makráður. Valtýr kom og hingað. Hann skoraði á mig að verða með á dansleik þeim, sem á að fara fram hinn 11. April til minningar um fæðingardag konungs vors, en mjer hefur aldrei dottið í hug að vera með á dansleik. Jeg dansa svo ekki hvort sem er, en jeg hef enga unan af því að sjá aðra njóta þeirrar skemmtunar, sem jeg gæti átt kost á að njóta, ef jeg hefði

⁶¹ Hannes Lárus Þorsteinsson (1852–1896), bekkjarbróðir Ólafs, síðar prestur. Ólafur kallar hann oftast „Hannes kunningja“ til aðgreiningar frá nafna hans og bekkjarbróður Hannesi Þorsteinssyni (1863–1931), síðar bankastjóra (sem Ólafur kallar „Hannes litla“).

⁶² Jón Sveinsson (1858–1921), bekkjarbróðir Ólafs, síðar prestur; Guðlaugur Guðmundsson (1853–1931), þá í 3. bekk, síðar prestur. Ólafur á það til að rita nafn hans „Guðlögur“.

⁶³ Einar Friðgeirsson (1863–1929), þá í 3. bekk, síðar prestur.

haft vit á að búa mig undir það. Það ærðist bara upp í mjer sultur við það að horfa á dansinn og dansmeyjarnar. Jeg setti því þvert nei fyrir áskorun hans. Jeg get um það annarsstaðar hvernig á því stóð, að Valtýr var að skora á mig að vera með.

Seinni hluta dagsins fjekkst jeg við registrið góða og lauk við uppkastið.

25. Mars (Laugardagur). Jeg skrópaði. Óttalegur skrópisti er jeg orðinn. Skítt með alla skynsemi. Dulce est desipere in loco.⁶⁴

Jeg hreinritaði registrið góða. Jeg hef ævinlega svo gott næði þegar jeg skrópa, því þá eru flestir piltar í tímum, en hinir, sem skrópa þora ekki að láta sjá sig úti, þora ekki að heimsækja hvor annan, enda veit skróp[istinn] A sjaldan annað en skrópistinn B. sje í tímum, fyr en þá á eptir. Kvennfólkið hjer í húsinu tefur mig reyndar stundum dálítið, en það er þó ekki að marki. Okkur Sigríði Melsted⁶⁵ verður einkum skrafdjúgt. Hún er vel viti borin, en hefur orðið að búa við harðstjórn af stjúpu sinni og veikindi, svo hún er stundum nokkuð þunglynd. Hún heldur mikið upp á okkur Boga og gefur mjer stundum ýmislegt sælgæti. Það er ósköp notalegt að fá það, þegar maður er önnum kafinn við lestur eða skriptir. Það er notalegt að láta færa sjer hressingu og góðgæti á vísinda-sængina, því það er opt allt annað en hægt verk að geta hugsanir og ritsmíði.

Um miðjan daginn fór jeg til Jónasar langa og fjekk hjá honum rakhníf. Jeg rakaði mig sjálfur með hálfum huga, því jeg er óvanur við skeggrakstur. Bogi rakaði Scheving um leið. Jeg var að reyna að koma honum til að hlægja, meðan Bogi var að raka kverkina á honum, en það tókst ekki.

Þá er jeg hafði lokið við registrið gekk jeg stundarkorn með Gísla Guðmundssyni. Að því búnu fór jeg heim. Þá var kl. um 7.

⁶⁴ „Stundum er yndislegt að láta eins og fífl“. Tilvitnun í Hóras, *Carmina* 4.12.28.

⁶⁵ Sigríður Melsted (1842–1910), dóttir Páls og fyrri konu hans, Önnu Sigríðar Stefánsdóttur.

Jeg hafði þá leikfimi, eins og jeg er vanur. Meðan jeg var að því kom Geir Sæmundsson. Skelfing þykir mjer vænt um Geir. Hann er líka allra laglegasti piltur og virðist vera vel viti borinn. *Hann er unnustan mín. Jeg kyssi hann og læt dátt að honum hreint eins og hann væri ungmey.* Hann hefur líka tengt okkur Gísla Guðmundsson saman. *Hann er líka unnusta Gísla. (Jeg þori reyndar ekki að ábirgjast það).* Við gengum opt með unnustum vorum og með því vjer áttum báðir sömu unnustu, þá urðum vjer að ganga saman. Við það komumst við í kunningsskap og kunningsskap Gísla met jeg mikils. Ja, við vorum annars kunningjar áður, eins og flestir bekkjarbræður eru, en nú erum við held jeg orðnir vinir. Það hefur líka stuðlað að vináttumyndun vorri, að vjer höfum setið saman í allan vetur.

Eptir 8 fór jeg til Eypórs og keypti mjer 6 sextánauraappelsínur. Piltar mega reyndar ekki koma þangað. Rektor hefur bannað það, því hann hefur frjett, að piltar drykkju þar, en er ekki leyfilegt, að brjóta heimskulegt harðstjórnarboð. Jeg fór með þær til Hraungerðisbræðra og ætlaði að gæða þeim á þeim, en þar voru þeir þá fyrir Þorsteinn Skúlason og Teodór Jónsson.⁶⁶ Jeg ljét Þorstein segja mjer heilmikið af sögum og vísnum og ritaði upp aðalorðin úr þeim. Jeg ætla að rita þær upp síðar. Þorsteinn fór. Jeg gat ekki tekið appelsínurnar upp meðan T. var svo vjer höfðum hann út með brögðum. Jeg ljést fara. Geir fór út með mjer. Hann kallaði á gluggan að Jón Árnason (Hraungerðisbræður bjuggu hjá honum)⁶⁷ væri að spyrja hvort T. væri ekki kominn upp (kl. var orðin 10¼ e. m). T. hefur ótta af karlinum og fór upp en jeg hjelt inn aptur og þar átum vjer appelsínur vorar með beztu lyst. Það væri annars gaman, að rita sögu um forhold⁶⁸ okkar Geirs og Gísla.

⁶⁶ Þorsteinn Skúlason (1864–1891), síðar vesturfari, þá í skóla (hætti þar próflaus 1886); Theódór Jónsson (1866–1949), þá í 2. bekk, síðar prestur.

⁶⁷ Þar sem í dag er Laufásvegur 5. Athugið þátíðina: Ólafur gerir þessa athugasemd með framtíðarlesendur í huga.

⁶⁸ Úr d. „samband“.